

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/698*  
*komudagur 18.2.2002*

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Einar Farestveit  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. febrúar 2002  
2002020002/016-1 Umsagnir um  
frumvörp/reglugerðir

### **Breyting á búnaðarlögum - um erfðanefnd**

Vísað er til bréfs landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 31. janúar 2002, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til breytingar á búnaðarlögum. Álit Náttúrufræðistofnunar er eftirfarandi.

Meginbreytingin á lögnum felst í því að víkka starfssvið erfðanefndar, en núverandi erfðanefnd fjallar eingöngu um dýr, bæði búfé og viss villt dýr (lax og silung). Með lagabreytingunni er stefnt að því að bæta svonefndum nytjaplöntum við verksvið nefndarinnar og ný nefnd kölluð erfðanefnd landbúnaðarins.

Rétt er að benda á að útvíkkun þessi er óheppileg að því leyti að blandað er saman dýrum og plöntum. Einstakir sérfræðingar hafa yfirleitt ekki til að bera sérþekkingu á báðum málaflokkum. Svipuð staða kom upp varðandi skipan sérfræðinganeftndar um innflutning lífvera, sbr. 41. gr. laga um náttúruvernd (nr. 44/1999). Þar var nefndarskipanin leyst á þann veg að aðal- og varamaður var annars vegar grasafræðingur og hins vegar dýrafræðingur. Báðir taka þátt í nefndarstarfinu eftir því um hvorn málaflokkinn er verið að fjalla hverju sinni. Sama hátt mætti hafa á varðandi nýja erfðanefnd, eða þá að hafa nefndirnar tvær sem væri að ýmsu leyti heppilegra.

Mikilvægt er að við setningu og framkvæmd þessara laga sem hér eru boðuð sé tekið fullt tillit til reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda (nr. 583/2000) sem sett var á grundvelli náttúruverndarlaganna (nr. 44/1999), með vísun til Ríósamningsins um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningsins um verndun villtrar náttúru. Ný erfðanefnd á m.a. að fjalla um þær „jurtir og tré sem notuð eru í ræktun hér á landi“ (eins og tíundað er í athugasemdum við frumvarpið), þar með framandi plöntutegundir sem notaðar eru í skógrækt og örðum landbúnaði. Verksvið nýrrar erfðanefndar á að ná „til verndunar allra erfðalinda í landbúnaði“. Ljóst er að verksvið hennar gæti stangast verulega á við verndun erfðaeftnis í villtri náttúru landsins og brýnt að gæta jafnvægis í framkvæmd mismunandi lagafyrirmæla. Einnig er brýnt að skilgreina vel hvað telst vera nytjaplanta og hvaða tegundir teljast vera villtar í náttúru landsins. Það er t.d. ekki ásættanlegt að villtar



plöntur séu með einni ákvörðun á grundvelli breyttra búnaðarlaga skilgreindar sem nytjaplöntur ef „slíkar tilraunir skila góðum árangri ...”, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu. Og alls ekki ef átt er við það að löggjöf um plöntur í náttúru landsins nái ekki lengur til þessara svo kölluðu nytjaplantna.

Ekki er ljóst hvernig ber að skipuleggja verndaraðgerðir til að viðhalda gömlum íslenskum búfjarkynjum skv. frumvarpinu. Í núverandi lagatexta (16. gr. í lögum nr. 70/1998) er þó altént kveðið á um að erfðanefnd búfjár geri tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir. Þótt nefndin hafi ekki lagt fram slíkar tillögur ennþá fyrir íslenska búfjárstofna í heild hefur hún fjallað um einstaka, þó ekki alla, stofna á liðnum árum. Nefndin hefur einnig verið með í vinnslu skýrslu um stöðu einstakra búfjárstofna í landinu og tillögur til verndar þeim.


Þá er mikilvægt að litið verði til framkvæmdar á Ríósamningnum um líffræðilega fjölbreytni, en hann nær til búfjárstofna sem mikilvægt er talið að vernda sem og til villtrar náttúru. Það er væntanlega í því samhengi sem reiknað er með fulltrúa frá umhverfisráðuneytinu.

Náttúrufræðistofnun Íslands á fulltrúa í núverandi erfðanefnd búfjár, en á því verður breyting skv. frumvarpinu. Hlutverk fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands í erfðanefnd búfjár hefur aldrei verið skilgreint, þrátt fyrir að margsinnis hafi verið kallað eftir því. Slíkt var einkarlega brýnt í þeim lögum sem giltu þegar nefndin var fyrst sett á laggirnar (búfjárræktarlög nr. 84/1989). Upphaflega nefndin átti að fjalla um villt landdýr, sem nefndin skilgreindi sem villt landspendýr, enda fékk hún aldrei nánari skilgreiningu frá landbúnaðarráðuneyti á því hvað fælist í orðunum „villt landdýr” þrátt fyrir óskir þar um. Þessi dýrahópur var síðar felldur út úr gildandi búnaðarlögum (nr. 70/1998), enda hefur ráðgjafarnefnd um villt dýr sem starfar skv. lögum nr. 64/1994 það hlutverk að fjalla um villt landspendýr og fugla.

Náttúrufræðistofnun Íslands annast að hluta til framkvæmd Ríósamningsins um líffræðilega fjölbreytni f.h. umhverfisráðuneytisins. Stofnunin sinnir m.a. aðild Íslands að vísindanefnd samningsins og á sæti í framkvæmdanefnd hans hér á landi ásamt fulltrúum fjögurra ráðuneyta. Jafnframt hefur hún á sinni könnu margvísleg verkefni sem lúta að framkvæmd samningsins hér á landi, þ. á m. verndun þess erfðaefnis sem fólgið er í flóru landsins. Með hliðsjón af því að gert er ráð fyrir að erfðanefnd landbúnaðarins verði skipuð sérfræðingum frá fagstofnunum þykir eðlilegra að Náttúrufræðistofnun eigi áfram sæti í nefndinni en að umhverfisráðuneytið tilnefni fulltrúa. Náttúrufræðistofnun leggst þó ekki gegn þessari breytingu.

Mikilvægt er að unnið sé skipulega að verndun íslenskra búfjarkynja á grundvelli Ríósamningsins í samráði landbúnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis og annarra aðilja sem hafa með þessi mál að gera.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson

